

Nd.

545. Nefndarálit

[27. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar. Til viðræðna um það hafa komið Unnsteinn Beck, borgarfégeti í Reykjavík, og prófessor Þór Vilhjálmsson. Skriflegar álitargerðir hafa borist frá Unnsteini Beck, Sigurgeir Jónssyni, bæjarfégeta í Kópavogi, Einari Ingimundarsyni, bæjarfégeta í Hafnarfirði, og Ófeigi Eiríkssyni, bæjarfégeta á Akureyri. Þá hefur Baldur Möller, ráðuneytisstjóri, gert skriflegar athugasemdir vegna hugmynda um breytingar á frv. Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Fyrsti málslíður 2. mgr. orðist þannig:
Fjármuni í búinu, sem aðrir eiga tryggingaréttindi í, skal selja á löglegan hátt eftir ráðstöfun skiptaráðanda og greiða réttihafa af andvirði eignarinnar, að frádregnum kröfum skv. 3. mgr. þessarar greinar, en afgangurinn rennur saman við aðrar eignir í búinu.
2. 4. gr. orðist þannig:
84. gr. orðist þannig:
Næstar kröfum skv. 82. og 83. gr. ganga að rétttri tiltölu við fjárhæð hverrar kröfu:
 1. Kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu hins látna, sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 6 mánuðum fyrir andlátið.
 2. Bótakröfur vegna slita á vinnusamningi eftir upphaf skipta eða á síðustu 6 mánuðum fyrir upphaf skipta.
 3. Kröfur til orlofsfjár vegna launa, sem unnið hefur verið fyrir á orlofsárinu fyrir upphaf skipta og á yfirstandandi orlofsári.
 4. Gjöld til lífeyrissjóða, sjúkrasjóða og annarra slíkra styrktarsjóða, sem vinnuveitendum ber að greiða skv. kjarasamningum eða lögum og reiknuð eru sem hlutfallstala af kaupi launþega, fyrir sama tíma og í 1. tl. greinir.
 5. Kröfur skv. 1.—4. tl. frá fyrri tíma en þar greinir, ef mál hefur verið höfðað til heimtu þeirra innan 6 mánaða frá gjalddaga og dómur gengur á síðustu tveimur mánuðum fyrir upphaf skipta eða síðar.
 6. Kröfur í bú þeirra, sem hafa sem opinberir sýslunarmenn með sjálfstæða fégæslu fengið í sínar vörslur fé annarra, enda sé um kröfu til slíks fjár að ræða.
 7. Kröfur maka, fyrrverandi maka og barna til lífeyris og meðlags síðasta árið fyrir upphaf skipta, enda séu greiðslur þessar ákveðnar með yfirvaldsúrskurði, þar á meðal staðfestum skilnaðarsamningi, þær fáist ekki greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins og séu ekki ósanngjarnar miðað við aðstæður, þegar þær voru ákveðnar.
 8. Sanngjörn þóknun eftir úrskurði skiptaráðanda fyrir störf unnin síðasta árið fyrir upphaf skipta vegna tilrauna til nauðasamninga eða frjálsra samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál hins látna, svo og annar nauðsynlegur kostnaður við slíkar tilraunir.
3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 19. mars 1974.

Svava Jakobsdóttir, form.	Jón Skaftason, fundaskr., frsm.	Stefán Valgeirsson.
Ólafur G. Einarsson.	Ellert B. Schram.	Pétur Pétursson.
	Jónas Jónsson.	